


NÍELS HAFSTEIN SKRIFAR UM MYNDLIST

Sveinn Björnsson



Sveinn Björnsson: Sá guli er góður

Sundsprettur i morgunsárinu. Vinna frá kl. 8.30 við rannsóknir á glæpamálum hafnfirðinga. Sjónvarpið á kvöldin. Afrakstur næturinnar: 84 olíumálverk sýnd á Kjarvalsstöðum.

Sveinn Björnsson hefur að sögn málað í mörg ár, og sýnt víða, m.a. í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Júgóslavíu og Danmörku, og hlotið lofsamlega dóma. Í sýningarskrá eru tínd til fáein dæmi úr dómum danskra gagnrýnenda, sem féllu úr pennum þeirra í tilefni sýningar listamannsins á Charlottenborg 1965; og er þar ekki um að villast. Fagurgalinn þá virðist þó dálitið á skjön við sýninguna núna: annaðhvort hefur listinni hrakað á undanförnum 10 árum, eða þá danskir gleymdu gleraugunum heima er þeir ryndu í verkin. Ég bið Sveinn Björnssonar afsökunar á því að nota þessi ummæli sem stökkpall til smávegis ræðuhalds um erlenda umfjöllun á íslenskri myndlist, — hann hefur ekki veikara bak en aðrir.

Í augum Norðurlandabúa eru íslendingar útkjálkaþjóð, menningarlegt afbrigði í bókmenntalegum skilningi og sérstakt sem slíkt, en að öðru leyti viðmiðunarlausir sérvitringar sem byggja á engri hefð. Þeir skoða list vora umburðarlyndum augum; kurteisi þeirra er í fullu samræmi við framlag þeirra til samnorrænna frændsemiskipta: litla barnið í vestri er meðhöndlað eins og hvítvoðungur og hjalað góðlátlega við það. Og þegar „frændur vorir" líta sendingar vorar jesúsa þeir um samband listamanns og náttúruhamfara, safa jarðarinnar og glóð hraunsins, stríða storma og él: allt þekkja þeir líkt og skrifborðið sitt! Gagnrýnendur skynja myrk djúp þjóðarinnar úr fjarlægð, finna hjarta landsins slá við brjóst sér. Íslendingurinn trúir og treystir, því „öll frægð kemur að utan"; hann sogar að sér mælgina og yljar upp afkima sálarinnar. „Lofsverð ummæli" eru sem smyrsl á minnimáttarkenndina, þá minnimáttarkennd, sem dómgreindarskortur íslensku þjóðarinnar hefur búið henni: þeir hlusta eftir þessu ómerkilega og ómaklega brandarastagli sem teygar kraftinn úr gáfum þeirra, og útkoma listrænnar glímu verður hálfdrættingur á við það sem hægt er.


Hvað er íslensk list? Er hún sérþróað fyrirbrigði, án tengsla við listir heimsins? Hvaða íslenskur listamaður stendur það hátt að vera annarra þjóða listamönnum viðmiðun? Til hvers eru íslendingar að senda út um heim með afvatnaða vöru sína, fáum til gleði, engum til gagns, og sjálfum sér til óþurftar? Hvenær ætla íslendingar að sýna umheiminum eitthvað sem ekki hefur sést áður? O.s.frv.

Ein er sú leið til sem hægt er að fara: listframleiðslu í landinu verður að búa við þær aðstæður að erlendir listamenn flykkist hingað í hópum. Með rausnarlegum fjárveitingum af hálfu hins opinbera mætti búa svo um hnútana að hér verði deigla viðburðanna ekki ómerkari en verið hefur annars staðar í heiminum — og þá fyrst getur framlag íslenskra listamanna orðið merkileg vara, myndlist í miðpunkti viðburðanna.

Um sýningu Sveins Björnssonar er fátt að segja, hún er byggð samstæðum verkum gerðum af ofsa og krafti og miklum dugnaði, listamaðurinn málar augsýnilega beint úr túpunum og þroskar ekki sjálfs sín litaskyn, myndbygging er einhæf og teikningu ábótavant. Í heild er sýningin safn ófullgerðra verka, mörg frumdrög myndar sem gæti orðið betri.

Vegna þess að Sveinn Björnsson er hæfileikamaður og hefur öll skilyrði til að verða gildur málari, þá vil ég vinsamlegast benda honum á að skoða verk sín í raunsæju ljósi hlutlausrar sjálfsgagnrýni, með hjálp reyndra manna, og breyta samkvæmt niðurstöðunni. Hann mun þá væntanlega mála yfir myndirnar og byrja upp á nýtt.

Valtýr Pétursson



Frá sýningu Valtýs.

Síðara bindi íslenskrar myndlistarsögu Björns Th. Björnssonar lýkur án þess að Septembermannanna svokölluðu sé að ráði getið, þeirra manna sem stormuðu til landsins í stríðslok uppfullir af þeim nýjungum sem gerjast höfðu í myndlist Evrópu í þrjá áratugi, — og vegna vöntunar á öðrum upplýsingaritum íslenskrar myndlistar, þá eru þessar hræringar sveipaðar móðu og rómantískum minnum. Þeir sem fæddir eru eftir 1950 hafa aldrei kynnst myndlist eftirstríðsáranna, Listasafn Íslands á fá verk, megnið mun hafa verið málað yfir, örfá eru í einkaeign.

Hægur vandi væri að fletta upp í úrklippusöfnum dagblaðanna og einstakra listamanna og tína þaðan ýmislegt merkilegt til sönnunar um aldarandann. Viðbrögð almennings gagnvart nýrri myndlist, og þá ekki síður viðbrögð eldri myndlistarmanna, voru yfirleitt fjandsamleg, — og á það sér eðlilegar skýringar sem ekki verða raktar hér.

Valtýr Pétursson hefur að nokkru leyti leyft okkur að skyggnast inní fortíðina með upphengingu 30 sýnismynda frá þessum árum, og er ljúft að þakka það framtak. Listamaðurinn virðist þó vera tvíbentur í afstöðu sinni til æskuverkanna. Í grautarlegu viðtali í Mbl. 17. maí sl. gefur hann út alls konar yfirlýsingar og afsakanir, líkt og hann skammist sín fyrir að hafa verið í uppreisn hér áður, — og getur slíkt verið tengt þumbaralegu viðmóti hans gagnvart tilraunum yngri manna nú.

„Þetta er eiginlega ekki málverkasýning í venjulegum skilningi" „Ég segi ekki heldur að þessar myndir séu mjög góð myndlist. En ég held að þetta sé svolitið merkileg myndist". „Þessi sýning er sjálfsagt óðs manns æði"!

Sannast sagna er engin ástæða fyrir Valtý Pétursson að kvarta, myndir hans eru, eins og tilraunir ungs fólks jafnan eru, undir áhrifum ýmissa listamanna, erlendra og innlendra, sumar eru losaralegar, aðrar eru rökvíst málaðar. Sá sem þetta skrifar er að sínu leyti harðánægður með sýninguna, og vonandi verður framhald á svona yfirlits- eða upprifjunarsýningum í framtíðinni, þær fylla uppí eyðurnar og veita nýtilkomnum listunnendum mikilsverðar upplýsingar um fortíðina. Og ekki síst er það eldri listamönnum hollt að rifja upp baráttu sína gegn fordómum hér áður fyrr, þeir skilja þá kannski betur broddinn í verkum ungdómsins núna.

AF ERLENDUM BÓKAMARKAÐI

Art and Photography.

Aaron Scharf. Penguin Books 1974.

Höfundur segir í formála, að hann fjalli einkum um ljósmyndun og málaralist í Englandi og Frakklandi, en ræði einnig þýðingarmikla þætti efnisins í öðrum löndum, svo sem á Ítalíu, Þýskalandi, Rússlandi og í Bandaríkjunum. Eftir að ljósmyndatæknin fullkomnaðist, gátu listmálarar ekki gengið fram hjá henni og ljósmyndarar hlutu að skynja umhverfi sitt að nokkru með augum málarans. Í þessu merka riti lýsir höfundur víxlverkunum þessara greina hvor á aðra, rekur áhrif ljósmynda á sköpun málverka og öfugt og rekur síðan ýmsar afleiðingar, svo sem hvernig ljósmyndun leysti listamanninn undan kvöð raunsæis og ýtti undir frjálsari og persónulegri tjáningu á léreftinu. Höfundurinn sýnir mörg dæmi um áhrif greinanna hvor á aðra bæði í texta og með myndsamanburði. Þetta er merkileg bók, vel unnin og ýtarleg. Höfundurinn, sem er bandarískjamaður, hefur áður sett saman rit um listræna ljósmyndun.

Centennial.

James A. Michener. Secker and Warburg 1974.

Höfundurinn hefur fengist við margt um ævina, bækur hans eru vinsælar og hann hefur sett saman bæði skáldsögur og ferðabækur þ.m. Ibera, bók um Spán. Honum er einkar lagið að segja sögu og í þessari skáldsögu nýtur hann sín er einkar lagið að segja sögu og í þessari skáldsögu nýtur hann sín vel. Sagan er rúmlega níu hundruð blaðsíður, og er ekki of löng. Hann segir hér sögu, sem hefst á forsöguöldum og lýkur á vorum dögum. Sögusviðið er einkum Colorado, og meginhluti sögunnar gerist á síðustu tveim öldum. Fjöldi persóna kemur við sögu, indíánar, veiðimenn og nautasmalar, styrjaldir hvítingja og indíána eru dregnar eftirminnilega upp og nautahjarðir 19. aldar spretta út úr síðum bókarinnar og það fjölbreytta mannlíf, sem þeim fylgdi. Sögunni lýkur með frásögnum og lífi Garretts, sem tengir saman nútíð og fortíð þessara mörgu alda.